



Sveitarfélagið Bláskógabyggð er staðsett í uppsveitum Árnessýslu og nær yfir Biskupstungur, Laugardal og Þingvallasveit. Það er framsækið sveitarfélag í örum vexti þar sem búa rúmlega 1000 íbúar. Þrjú þéttbýliskjarnar eru í sveitarfélaginu, þ.e. Laugarás, Laugarvatn og Reykholt. Leikskólinn Álfaborg er í Reykholti, sem er í 100 km fjarlægð frá Reykjavík.



# Skólastjóri leikskólans Álfaborgar

Sveitarfélagið Bláskógabyggð auglýsir starf leikskólastjóra Álfaborgar, Reykholti, laust til umsóknar. Álfaborg er tveggja deilda leikskóli með um 37 börn og 14 starfsmenn í mismunandi starfshlutföllum. Í Álfaborg er metnaðarfullt skólastarf, góð samvinna starfsfólks, barna, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans. Í farvegi er bygging nýs þriggja deilda leikskóla í Reykholti, fyrir allt að 60 börn, sem gert er ráð fyrir að verði tekinn í notkun 2019. Skólastjóri mun verða virkur þátttakandi í því verkefni að standsetja og hefja starfsemi í nýju skólahúsnæði.

## Helstu verkefni

- Ábyrgð á daglegri starfssemi og rekstri
- Veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og skólaþróunar
- Stuðla að markvissri samfellu og tengslum milli skólastiga
- Stuðla að öflugu samstarfi heimila og skóla, sem og milli allra skólanna í sveitarfélaginu

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun
- Stjórnunarreynsla
- Æskilegt er að viðkomandi hafi framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða skólaþróunar
- Mikilvægt er að umsækjandi hafi góða stjórnunar- og samskiptahæfileika og áhuga á skólaþróun



## Upplýsingar veita:

**Þórir Þorvarðarson**  
thorir@hagvangur.is

**Geirlaug Jóhannsdóttir**  
geirlaug@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is).

**Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl nk.**